

Einstakur listviðburður

Mánudaginn 29. apríl sl.(2002) varð ég þeirrar ánægju aðnjótandi að hlýða á hæfileikaríkan hóp ungmenna flytja dagskrá í kjallara Þjóðleikhússins. Þarna voru á ferðinni vinningshafar úr Stóru upplestrarkeppninni sem er þróunarverkefni í 7. bekk grunnskólanna og hefur nú náð að festast í sessi um allt land.

Dagskráin var tileinkuð aldarafmæli Halldórs Laxness og það sem meira var, *börnum í verkum skáldsins*. Ég get ekki látið hjá líða að senda frá mér þakkir fyrir þessa stórkostlegu kvöldstund og er satt að segja hugsí yfir að ekki skuli fleiri fá að njóta þessa flutnings. Hvert sæti var skipað í Leikhúskjallaranum og þar sátu saman tvær, þrjár og fjórar kynslóðir sem nutu þess að hlusta og fylgjast með unga fólkinu sem flutti dagskrána af listfengi. Þarna var allt til mikillar fyrirmyndar.

Veg og vanda dagskrárinnar báru þau Baldur Sigurðsson og Ingibjörg Einarsdóttir. Þar eð ég vinn með þessum aldurshópi nemenda, er þarna kom fram, veit ég að mikil vinna lá að baki þessarar ljúfu kvöldstundar. Val efnis hefur tekið langan tíma, því af miklu er að taka og að æfa nemendur, sem koma úr mörgum skólum, jafnvel úr mörgum sveitarfélögum, kostar mikið skipulag. Vinna Baldurs og Ingibjargar var mjög fagmannleg og eiga þau mikinn heiður skilið. Efnið höfðaði til allra aldurshópa og þar sem ég hef nú ekki verið sérstakur aðdáandi Laxness þá hafði þetta þau áhrif að ég hef ákveðið að hefja lestur skáldsagna hans. Börnin voru mjög vel æfð, framsögnin frábær og öll framkoma þeirra fumlau og sýndi að vel var staðið að öllum undirbúningi. Milli atriða léku ungir gítarleikarar og gaf sá flutningur kvöldinu ljúfan blæ. Eftir hlé myndaði kórsöngur barna ramma utan um dagskrána og út í nóttina héldu gestir undir miklum áhrifum frá ljóði Laxness *Hjá lygnri móðu* sem bæði var flutt í tali og tónum.

Dagskrá þessi, sem var mjög metnaðarfull og nemendum og aðstandendum Stóru upplestrarkeppninnar í alla staði til mikils sóma, hefði sómt sér vel á Listahátíð því hér var um einstakan listviðburð að ræða.

Hjördís Guðbjörnsdóttir
skólastjóri Engidalsskóla
Hafnarfirði